



ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Alþingi
Erindi nr. P 143/970
komudagur 7.2.2014

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
V/umsagnar Útlendingastofnunar við frumvarp til laga um útlendinga (EES-reglur og
kærunefnd)
249. mál.

Hér meðfylgjandi eru athugasemdir og ábendingar Útlendingastofnunar eftir yfirlestur
hjálagðs frumvarps. Athugasemdir og ábendingar snúa að kostnaðarmati
fjármálaráðuneytisins vegna boðaðra breytinga á styttingu málsmeðferðarhraða
hælistmála. Ekki eru gerðar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Í fylgiskjali II frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, skrifstofu opinberra fjármála er að
finna umsögn um framangreint frumvarp er snýr að þeim liðum frumvarpsins er geta
haft kostnað eða sparnað í för með sér. Ekki eru gerðar athugasemdir við kostnaðarmat
vegna kærunefndar útlendingamála. Hins vegar virðist ekki hafa verið tekið tillit til
þess kostnaðarmats sem innanríkisráðuneytið lagði fram og varðar kostnað
Útlendingastofnunar við að taka upp nýtt verklag við afgreiðslu umsókna um hæli og
tryggja á aukinn hraða gæði í málsmeðferð. Kostnaðarmat innanríkisráðuneytisins gerir
ráð fyrir 35, 5 m.kr. stofnkostnaði vegna frumvarpsins í heild en þar af eru 19 m.kr.
vegna verkefna hjá stofnuninni en uppfærð kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir 21, 1 m.kr.
Ekki verður hjá því komist að gera ráð fyrir framangreindum kostnaði sem hér fer á
eftir, sé það vilji stjórnvalda að efnisákvæði frumvarpsins geti komið til framkvæmda
til hagsbóta fyrir hælisleitendur sem og ríkissjóð:

Kostnaður vegna flýtimeðferðar í heild: 21.1 m.kr.

1. Bakvakt: 14.4 m.kr
2. Rannsóknir, upplýsingar og stofnkostnaður: 6.4 m.kr.

1. Flýtimeðferð – krafa um bakvakt: Í frumvarpinu er lögfest flýtimeðferð (48
stundir) sem heimilar Útlendingastofnun að taka ákveðin mál í sérstaka málsmeðferð
og ljúka þeim innan tiltekins skamms tíma. Þá er gert ráð fyrir að öll mál séu tekin til
meðferðar um leið og þau berast án tillits til eðlis þeirra. Til þess að framangreind
málsmeðferð geti átt sér stað þarf mál að hefjast um leið og umsókn er lögð fram. Gera
verður ráð fyrir að lögfræðingar gangi vaktir og taki mál til meðferðar utan sem innan
hefðbundins vinnutíma og svipað fyrirkomulag sé eins og tíðkast hjá lögfræðingum
ákærusviða lögreglu. Í kostnaðarmati frumvarpsins eins og það liggur fyrir nú er ekki
gert ráð fyrir auknum kostnaði Útlendingastofnunar við að taka upp þetta nýja verklag
þó því fylgi óhjákvæmilega nýir útgjaldaliðir líkt og t.d. kostnaður vegna bakvakta
starfsmanna.

Útlendingastofnun lagði fram kostnaðarmat til innanríkisráðuneytisins vegna bakvaktar
eins lögfræðings áður en frumvarp þetta var lagt fram og miðaðist það mat við að
óbreyttan fjöldi hælisleitenda næstu ár eða á bilinu 150-170. Bakvakt í 12 mánuði er
nú 12,3 m.kr. með launatengdum gjöldum miðað við óbreyttan fjöldi hælisleitenda. Því
miður láðist í kostnaðarmati innanríkisráðuneytisins til fjármálaráðuneytisins að gera
ráð fyrir að lögfræðingar sem fara í útkall utan vinnutíma til að hefja mál og jafnvel
klára, fái greidda yfirvinnu fyrir vinnuframlag sitt, að lágmarki 4 klst. samkvæmt
kjarasamningi en ella 2 klst. lágmark ef um vinnu er að ræða í framhaldi af dagvinnu.
Því þarf að bæta við framangreinda fjárhæð þeirri aukavinnu. Í núverandi umhverfi
leita rúmlega 60% hælisleitanda (90-100) til lögreglunnar á Suðurnesjum sem kallar á



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

viðveru lögfræðings utan starfstöðvar að lágmarki 6-9 klst. og þá á eftir að ákvarða um niðurstöðu og jafnvel afla viðbótargagna. Í 40% tilvika er sótt um hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (60-70), sem kallar á viðveru lögfræðings í 4-7 klst. utan starfstöðvar. Varlega áætlað verður að gera ráð fyrir að hvert mál kalli á 2ja klst. yfirvinnu og er þá tekið tillit til að lagt er upp með að flest mál séu unninn í dagvinnu en ekki verði komist hjá því að hluti mála verði unninn um helgar og eftir lok vinnudags, eigi að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Miðað er við árið 2013 en þá sóttu 172 um hæli: 172 mál x 2 klst. = 344 klst. hvert ár = **2.1 m.kr.** Samtals þarf því að gera ráð fyrir að kostnaður Útlendingastofnunar vegna bakvaktar tilkominni vegna flýtimeðferðar sem lögð er til í frumvarpi þessu verði **14, 4 m.kr.**

2. Rannsóknir upplýsingar og stofnkostnaður: Til þess að hægt sé að afgreiða vissar umsóknir í flýtimeðferð (48 klst) verða að liggja fyrir rannsóknir um þau lönd sem um ræðir og sem hægt er að byggja á í matinu og leiðbeininga- og upplýsingaskylda stjórnvalda þarf að vera sinnt. Í kostnaðarmati frumvarpsins eins og það er núna er ekki gert ráð fyrir hálfu stöðugildi **5,2 m.kr.** og stofnkostnaði **1,5 m.kr** sem nauðsynlegur þykir til þess að þessi forsenda flýtimeðferðar geti orðið að veruleika. Stöðugildinu er ætlað að sinna ýmsum nýjum verkefnum, s.s. breytingum á heimasíðu stofnunarinnar (leiðbeiningar og eyðublöð til hælisleitanda og umboðsmanna), landalista yfir „örugg ríki“ sem verði birtur opinberlega og uppfærður reglulega ásamt rökum fyrir því af hverju ríki er á listanum, upplýsingum til hælisleitenda, fjölmiðla og öðru er snýr að málsmeðferðarreglum og þá þarf starfsmaðurinn að útbúa lifandi gagnabanka um erlend ríki sem gagnast í málsmeðferð hælisleitanda og er aðgengilegur á netinu, annað hvort öllum eða tilgreindum aðilum.

Til þess að markmið frumvarpsins ná fram að ganga verður að tryggja Útlendingastofnun 21.1 m.kr. Ella ná þær úrbætur og umbætur ekki fram að ganga sem boðaðar eru.

Framangreindur kostnaður er hóflega áætlaður og nauðsynlegur til að ná þeim árangri sem að er stefnt, en Útlendingastofnun mun ekki geta framfylgt því verklagi sem frumvarpið boðar innan þeirra fjárheimilda sem stofnunin hefur og ekki er nokkur leið að taka hælismál í flýtimeðferð ef yfirvinna er ekki greitt og lögfræðingum skylt að standa vaktir. Því er það frumforsenda þeirra breytinga sem hér eru boðaðar að kostnaðarmat sé raunhæft og umbeðið fjármagn fylgi.

Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar við efni frumvarpsins eða greinargerðar með því en bent á að þessi breytta tilhögun verkferla og málsmeðferðar mun skila sér í verulegum sparnaði ríkissjóðs í umönnunarkostnaði, svo ekki sé talað um þann kost sem það hefur í för með sér að hælisleitandi fær svar vegna umsóknar sinnar innan nokkurra daga frá komu, ef um flýtimeðferð er að ræða en ella innan nokkurra vikna ef frekari gagnaöflunar er þörf.

Reykjavík, 6. febrúar 2014,
f.h. Útlendingastofnunar,


Kristín Völundardóttir, forstjóri